



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. febrúar 2015

1502047SA TP  
Málalykill: 401

**Efni: Réttur námsmanna til húsaleigubóta innan sama sveitarfélags  
- 237. mál 144. lþ.**

Með tölvupósti dags. 5. febrúar sl. var ofangreint frumvarp sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Svo sem fram kemur í greinargerð var lagafrumvarp sama efnis lagt fram síðasta löggjafarþingi (147. mál 143. lþ.) Sambandið veitti umsögn um málið með bréfi dags. 19. desember 2013, þar sem annars vegar var vísað til þess að tillögur um framtíðarskipan opinbers húsnæðisstuðnings lægju ekki fyrir og hins vegar að sú leið sem lögð væri til skv. frumvarpinu byði upp á snúin álitamál varðandi jafnræði. Var þar m.a. skírskotað til þess að tillaga frumvarpsins bindur rýmkun á rétti til húsaleigubóta við þá sem eru námsmenn í reglulegu námi á framhalds- og háskólastigi, en möguleikar til þess að sækja nám eru að sjálfsgöðu mun fjölbreyttari.

Sambandið veitir umsögn sína nú við þær aðstæður að frumvörp um endurskoðun á húsaleigubótakerfinu og húsaleigulögum munu vera á lokastigi, en sú vinna er liður í nýrri framtíðarskipan húsnæðismála. Hefur félags- og húsnæðismálaráðherra boðað að þessi frumvörp verði lögð fram á Alþingi í mars.

Sambandið er enn þeirrar skoðunar að æskilegast sé að umræða um rétt námsmanna til húsnæðisbóta innan sama sveitarfélags eigi sér stað þegar fyrrgreind frumvörp verða lögð fram. Sérstaklega er tekið fram að sambandið leggst ekki gegn hugmyndinni en jafnframt er áréttað að huga þarf að sjónarmiðum um jafnræði og samræmi. Þá er einnig nauðsynlegt að tillögur sem þessar fái kostnaðarmat, bæði gagnvart ríki og sveitarfélögum, sem í dag standa saman að fjármögnun húsaleigubóta. Hvað það varðar ber einnig að hafa í huga að tillögur sem unnið er með ganga út frá því að til framtíðar verði húsnæðisbætur verkefni ríkisins og fjármagnaðar af því.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri